

Ár 1981, þriðjudaginn 29. september, var í málinu nr. 16/1981 kveðinn upp af Yfirfasteignamatnefnd svohljóðandi


Ú r s k u r ð u r :

Mál þetta er rísið af ágreiningi milli Reykjavíkurborgar annars vegar og Íþróttasambands Íslands Íþróttabandalags Reykjavíkur og Knattspyrnusambands Íslands hins vegar um skyldu síðastnefndra þriggja aðila til að svara fasteignaskatti af tilteknum hluta húsakynna þeirra í byggingum Íþróttamiðstöðvarinnar í Laugardal. Nær ágreiningurinn aðeins til þess hluta umrædds húsnæðis, sem ekki er leigður öðrum aðilum, hefur er til afnota fyrir skrifstofur umræddra samtaka og svo til fundarhalda.


Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, hafa umrædd húsakynni notið framlaga og hlotið viðurkenningu með þeim hætti, sem ráð er fyrir gert í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 107/1970 um félagsheimili. Verða þau því að teljast félagsheimili í skilningi 5. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. áður 5. gr. laga nr. 8/1972, og 6. gr. reglugerðar nr. 320/1972 um fasteignaskatt. Samkvæmt þessu er húsnæði það, sem kærán lýtur að, undanþegið fasteignaskatti.

Ú r s k u r ð a r o r ð :


Húsnæði Íþróttasambands Íslands, Íþróttabandalags Reykjavíkur og Knattspyrnusambands Íslands í byggingum Íþróttamiðstöðvarinnar í Laugardal og í eigin notum nefndra samtaka er undanþegið fasteignaskatti.



Gaukur Jörundsson



Pétur Stefánsson



Guðmundur Magnússon.